

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Thorsil ehf. Helguvík, Reykjanesbæ



<b>Dags eftirlits</b>	6.12.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Thorsil ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Einar Halldórsson
<b>Heimili</b>	Berghólabraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	500210-1250	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Axel Valur Birgisson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hákon Björnsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi Thorsil ehf. var gefið út 6. febrúar 2017 en rekstur er ekki hafinn. Eftirlitsfundur var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Í eftirlitinu kom fram að framkvæmdir væru ekki hafnar og áætlað væri að þær hefjist um mitt næsta ár (2018). Þá er áætlað að hefja vöktun á fyrri hluta ársins 2019 og gangsetningu ári síðar (2020). Samþykkt umhverfisvöktunaráætlun liggur ekki fyrir en stefnir rekstraraðili á að senda inn nýja tillögu a.m.k. 18 mánuðum fyrir gangsetningu. Umhverfismarkmið voru lögð fram 15. september sl.

Eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar fóru í vettvangsferð í Helguvík viku eftir eftirlitsfundinn (14. desember), og staðfestu að framkvæmdir við byggingu verksmiðjunnar eru ekki hafnar.

Í eftirlitinu komu ekki fram nein frávik frá starfsleyfi og engar athugasemdir gerðar við starfsemina.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

1. Kynning á fyrirkomulagi eftirlits
2. Starfsleyfisskýrði
3. Staða undirbúnings – áætluð gangsetning
4. Umhverfisvöktun
5. Önnur mál.

1. Byrjað var á kynningu á fyrirkomulagi eftirlits Umhverfisstofnunar, s.s. tíðni eftirlits, fyrirkomulag útgáfu eftirlitsskýrsla, skráningu frávíka og athugasemda, eftirfylgni frávíka og heimildir stofnunarinnar til þvingunarúrræða. Þá var rekstraraðila kynnt að öll gögn sem gerð er krafa um í starfsleyfi sem og eftirlitsskýrslur og eftirfylgni væri birt á vefsvæði fyrirtækisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2. Farið var yfir helstu starfsleyfisskýrði s.s. tengilið, gagnaskil, tilkynningar og samskipti við Umhverfisstofnun og kröfur um hönnun og ferla.

a. Tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun verður áfram Axel Valur Birgisson en Hákon Björnsson, forstjóri Thorsil, óskar einnig eftir að fá afrit af samskiptum.

b. Tillaga að Umhverfisvöktunaráætlun liggur fyrir en rekstraraðili hyggst endurskoða hana og leggja fyrir nýja tillögu a.m.k. 18 mánuðum fyrir gangsetningu. Mæliáætlun liggur ekki fyrir en hana skal leggja fyrir a.m.k. 6 mánuðum fyrir gangsetningu. Þá skal staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda liggja fyrir a.m.k. 12 mánuðum fyrir gangsetningu. Áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar liggur fyrir sem og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Tillaga að umhverfismarkmiðum voru send stofnuninni 15. september sl. Fram kom í eftirlitinu að markmiðin muni endurskoðuð þegar nær dregur gangsetningu. Minnt var á mikilvægi þess að yfirfara áætlanir þegar nær dregur gangsetningu, t.d. símanúmer og fl. í viðbragðsáætlunum.

c. Minnt var á að tilkynna skal um gangsetningu til Umhverfisstofnunar. Einnig var rætt um hvað telst sem mengunaróhöpp og hvenær tilkynna skuli til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal boða til samráðsfunda a.m.k. árlega með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Minnt er á að boða skal slíkan fund árlega jafnvel þótt starfsemi sé ekki hafin.

3. Rætt var um stöðu undirbúnings og áætlaða gangsetningu. Framkvæmdir eru ekki hafnar á svæðinu en Thorsil er með samning við Reykjaneshöfn um að lóðir verði afhentar hreinsaðar og jarðvegsskiptar þar sem við á. Áætlað er að framkvæmdir hefjist um mitt eða seinna hluta næsta árs (2018), vöktun hefjist á fyrsta eða öðrum ársfjórðungi 2019 og gangsetning ári síðar eða á fyrsta eða öðrum ársfjórðungi 2020.

4. Farið var yfir umhverfisvöktun en bakgrunnsmælingar fyrir rekstur Thorsil eru ekki hafnar. Rætt

var um mikilvægi þess að vanda vel til þeirra og taka tillit til aðstæðna s.s. jarðvinnu ofl sem getur haft tímabundin áhrif á niðurstöður mælinga. Þá var rætt um hvernig fyrirtækið sæi fyrir sér að reka sjálfstæða vöktun þar sem að önnur vöktun fer fram á svæðinu. Ekki er útilokað að fyrirtækin á svæðinu taki sig saman um umhverfisvöktunina en það er ekki tímabært að segja til um hvert fyrirkomulagið verður. Umhverfisstofnun ítrekaði kröfur um að framsetning á fyrirkomulagi vöktunar sem og niðurstöðum þyrftu að vera heildstæðar fyrir svæðið. Ef fyrirtækin kjósa að standa hvert og eitt í vöktun fyrir sína starfsemi mun Umhverfisstofnun sjá um úrvinnslu og framsetningu á heildstæðan hátt til almennings.

5. Að lokum var rætt um mikilvægi þess að upplýsa almenning, nágretta og íbúa Reykjanesbæjar um gang mála í verksmiðjunni. Losunarleyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda liggur fyrir en meðhöndlun hættulegra efna er undir viðmiðunarmörkum m.t.t. reglugerðar 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

#### **ANNAÐ**

Í grein 2.2 í undirrituðu starfsleyfi hefur ákvæði um boðun Heilbrigðisnefndar Suðurnesja á samráðsfund fallið út. Umsagna- og leyfisteymi er með málið í skoðun.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2018

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir